

Samþykktir (skipulagsskrá)
fyrir Hvalasafnið á Húsavík ses.

1. gr.

Heiti

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess **Hvalasafnið á Húsavík ses.**

2. gr.

Heimilisfang

Heimilisfang Hvalasafnsins á Húsavík ses. er að Hafnarstétt 1, Húsavík.

3. gr.

Tilgangur

Tilgangur stofnunarinnar er að annast um og reka Hvalasafnið á Húsavík. Þá er tilgangur hennar einnig að stuðla að söfnun sýningargripa, skráningu þeirra, varðveislu gamalla muna og sagna tengdum hvölum og hvalveiðum, auk þess að auðvelda aðgang þjóðarinnar að fræðslu um hvali og lífríki sjávar í kringum Ísland. Stofnunin skal vinna undir lögum um viðurkennd söfn. Þá stuðlar hún að rannsóknum á hvölum og umhverfi þeirra. Einnig rekur hún verslun með minjagripum og bækur.

4. gr.

Stofnendur

Um er að ræða yfirfærslu á núverandi starfsemi Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ses., kt. 460105-3740, sem fellur undir lög nr. 19/1988, yfir í nýtt rekstrarform sem fellur undir lög nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir með rekstur. Upphaflegur stofnandi er því stofnandi hinnar nýju sjálfseignarstofnunar. Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar er því Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.

5. gr.

Stofnfé

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 21.049.374. Greiðsla fyrir stofnféð þannig til komin að stofnfé Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ses., kt. 460105-3740 sem starfað hefur á grundvelli laga nr. 19/1988 yfirfærast í hið nýja félag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Tekjur og fjáröflun

Tekjur stofnunarinnar skulu vera: Stofnfjárframlag, framlög aðila samkvæmt samningum stofnunarinnar við þá, framlög opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og auk þess tekjur af aðgöngumiðasölu, sölu minjagripa og bóka. Auk þess getur stofnunin haft tekjur vegna leigu á húsnæði.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the letters "H H" and "SES" and a signature.